

4. fundur atvinnumálanefndar, kjörtímabilið 2014 - 2018, haldinn þann 12. febrúar 2015, kl. 20:30, að Icelandair Hotel Klaustri.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu: Þorsteinn M. Kristinsson (formaður), Þuríður Benediktsdóttir (varaformaður) og Sveinn Hreiðar Jenson. Auður Eyþórsdóttir og Gunnar Pétur Sigmarsson boða forföll og enginn varamaður mætti í þeirra stað.

Þuríður Benediktsdóttir ritar fundargerð í fjarveru ritara.

Dagskrá:


- 1) **Staða mála í áhugahópi um íbúðabyggingar á Kirkjubæjarklaustri.**
Teikningar og kostnaðargreining í vinnslu. Atvinnumálanefnd verði enn hópnum til aðstoðar um sinn.
- 2) **Starfatorgið.**
Hugmyndir reifaðar um innihald en ákveðið að bíða nýs verkefnastjóra verkefnisins Brothættar byggðir, um hugsanlegt samstarf.
- 3) **Staða póstmála í atvinnulegu tilliti.**
Atvinnumálanefnd hefur áhyggjur af að þjónusta við atvinnulíf og íbúa almennt muni skerðast, auk skerðingar stöðugildis Íslandspóst í Skaftárhreppi. Atvinnumálanefnd hefur sent tölvupóst á Íslandspóst dags 12.02.2015. Svar barst samdægurs þar sem Íslandspóstur fer yfir stöðu mála og telur sig muni veita mun meiri þjónustu en nú er í boði auk þess sem þeir telja ekki að um minnkun stöðugildis sé að ræða. Þessar aðgerðir Íslandspóst séu í hagræðingarskygni og muni ekki hafa áhrif á þjónustu fyrirtækisins í Skaftárhreppi. Atvinnumálanefnd harmar að koma þurfi til uppsagnar á starfsmanni Íslandspóst í Skaftárhreppi.
- 4) **Önnur mál.**
 - a) **Málefni Vegagerðar**
Í ljósi þess að Skaftárhreppur er með eitt lengsta tengivegakerfi landsins, telur atvinnumálanefnd nauðsynlegt að eitt stöðugildi starfsmanns á vegum Vegagerðar verði í Skaftárhreppi

Vegna breyttra tíma í samgöngum - aukin umferð ferðamanna – er þörf á fjölgun snjómoskstursdaga auk frekari hálkvarna. Atvinnumálanefnd fer fram á við Vegagerð að heimildir núverandi snjóruðningsmanna í Skaftárhreppi til hálkvarna, verði rýmkaðar.

Atvinnumálanefnd leggur til að sveitastjórn muni senda fulltrúa til viðræðna við Vegagerðina.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:55.


Þorsteinn M. Kristinsson


Þuríður Benediktsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson